



**10. fundur
fræðslu- og menningarnefndar Norðurljósa
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljósa,
þriðjudaginn 13. desember 2011 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Soffía Helgadóttir, Anna Krístrún Sigmarsdóttir, Olga Gísladóttir, Huld Hafliðadóttir, Huld Aðalbjarnardóttir, Stefán L Rögnvaldsson, Sigurður Aðalgeirsson,

Fundargerð ritaði: Huld Aðalbjarnardóttir, Fræðslu- og menningarfulltrúi

Dagskrá:

1. 201111021 - Tónlistarskóli Húsavíkur - Fjárhagsáætlun 2012

Mætt voru Árni Sigurbjarnarson skólastjóri, Adrienne Davis fulltrúi kennara og Arna Þórarinsdóttir fulltrúi Heiltóns.

Árni fór yfir tillögur að hagræðingu hjá Tónlistarskóla Húsavíkur.

Fulltrúar Tónlistarskóla Húsavíkur viku af fundi kl. 15:25

2. 201111025 - Fjárhagsáætlun á fræðslu- og menningarsviði 2012

Á síðasta fundi fræðslu- og menningarnefndar var lagt til við bæjarráð að fjárhagsrammi ársins 2012 taki breytingum til hækkunar sem nemur 40 mkr. Fyrir liggur samþykki bæjarráðs að hækkun sem nemur 35 mkr.

Fræðslu- og menningarnefnd mun fara yfir og leggja fram tillögur að hagræðingum til að ná settu markmiði eins og fjárhagsrammi málaflokksins verður fyrir árið 2012.

Fræðslu- og menningarnefnd leggur til að bæjarráð samþykki tillögu nefndarinnar um 14% hækkun á gjaldskrá Tónlistarskóla Húsavíkur fyrir árið 2012 og fyrirliggjandi tillögu að gjaldskrá Bókasafns Húsavíkur fyrir árið 2012.

3. 201112032 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Úttektir á leik- og grunnskólum

Lagt fram til kynningar.

4. 201112033 - Grænuvellir - námsferð starfsmanna til Svíþjóðar í apríl. Ósk um tilfærslu á starfsdögum.

Fræðslu- og menningarnefnd samþykkir umbeðna tilfærslu á starfsdegi



vegna námsferðar starfsfólks Grænuvalla til Svíþjóðar.

5. 201112034 - Hafralækjarskóli - Fjárhagsáætlun 2012 og fundargerð rekstrarstjórnar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00